Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNA

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246

Fjármálastjóri

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingi í starf fjármálastjóra.

Helstu verkefni

- Ábyrgð á fjármálastjórnun og fjárstýringu bæjarsjóðs
- Lánastýring og samskipti við fjármálastofnanir
- Ábyrgð á fjárhagsáætlanagerð fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess
- Ábyrgð á gerð ársreiknings fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess
- Ábyrgð á virku kostnaðareftirliti, reikningshaldi og uppgjöri
- Yfirumsjón með bókhaldi, reikningagerð og innheimtu
- Daglegur rekstur bókhaldsdeildar, fjárreiðudeildar og hagdeildar
- Sjá um að veitt sé ráðgjöf og fræðsla til bæjaryfirvalda, stjórnenda og annars starfsfólks vegna mála er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærilegu námi
- Framhaldsmenntun á sviði fjármála- og/eða endurskoðunar
- Víðtæk þekking og farsæl reynsla af fjármálum, rekstri og áætlanagerð
- Mikil hæfni í greiningu og framsetningu tölulegra gagna
- Þekking og reynsla af samningagerð
- Sjálfstæði í starfi, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Þekking á málefnum sveitarfélaga og opinberri stjórnsýslu er mikill kostur
- Þekking og reynsla af Navision bókhaldskerfi er kostur
- Þekking og reynsla af H-launum launakerfi kostur
- Góð færni í íslensku og ensku, færni til að setja fram mál í ræðu og riti

Sveitarfélagið Árborg hefur vaxið ört síðustu ár og er íbúafjöldinn í dag rúmlega 11 þúsund manns. Nýjum fjármálastjóra býðst tækifæri til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu og vexti sveitarfélagsins. Markmið sveitarfélagsins er að gera rekstur þess sjálfbæran innan fárra ára og spilar fjármálastjóri stórt hlutverk í að ná því markmiði. Fjármálastjóri er leiðandi og mótandi í starfi sínu og hefur frumkvæði að lausn verkefna, veitir ráðgjöf og hefur yfirumsjón með rekstri og fjármálum sveitarfélagsins. Fjármálastjóri heyrir undir bæjarritara á Stjórnsýslu- og fjármálasviði og situr í yfirstjórn sveitarfélagsins.

Sótt er um starfið á hagvangur.is

Vakin er athygli á stefnu Sveitarfélagsins Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Umsóknum skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá auk kynningarbréfs þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er **til og með 11. júní 2023.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**, og Þórdís Sif Arnarsdóttir, **thordis@hagvangur.is**.



Söluráðgjafi aldreifibúnaðar

Söluráðgjafi aldreifibúnaðar

Vegna aukinna verkefna óskar Ískraft eftir að bæta við öflugum söluráðgjafa aldreifibúnaðar.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni í skemmtilegu starfsumhverfi þar sem reynir á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og gott skipulag. Ískraft flytur í nýtt og glæsilegt húsnæði að Höfðabakka 7, þar sem öll starfsaðastaða verður eins og best verður á kosið.

Lögð er rík áhersla á jákvæð samskipti og samvinnu ásamt því að viðkomandi falli vel að góðri liðsheild fyrirtækisins. Eftirsóknarvert er að fá til liðs við okkur þá sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina og hafa jákvætt hugarfar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sala og ráðgjöf með áherslu á háspennu- og aldreifibúnaði
- Tilboðsgerð
- Innkaup
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Rafvirki / iðnfræðingur eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu og ráðgjöf
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á háspennu er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, jákvæðni og heiðarleiki í starfi
- Góð íslensku og enskukunnátta

Skannaðu kóðann og skoðaðu starfið

Gildin okkar
Áreiðanleiki
Þjónustulund
Þekking

Við hvetjum öll áhugasöm til þess að sækja um, óháð kyni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Brynjar Stefánsson, framkvæmdastjóri Ískraft, brynjar@husa.is eða Benedikt Benediktsson á benni@iskraft.is

Sótt er um á ráðningarvef Húsasmiðjunnar www.husa.is/laus-storf.
Umsóknarfrestur er til 4. júní 2023.

Ískraft er rafiðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Ískraft rekur 4 starfsstöðvar. Ískraft er lifandi og skemmtilegur vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi og sterk liðsheild. Hjá Ískraft starfa rúmlega 40 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn. Lögð er rík áhersla á símenntun og fræðslu og að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

Framúrskarandi fyrirtæki 2017 2022

2017 – 2022 Excellent in Iceland

Okkur vantar **dugnaðarforka** í ***skemmtilegt*** vinnuumhverfi

*We need to **expand** our **excellent** team*

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta dugmiklum einstaklingum í hópinn.
Okkur vantar fólk sem hefur reynslu af því að stjórna og vinna á tækjum. *Störf í boði:*

- **TÆKJASTJÓRI**
  á dælubíla. – *Meirapróf CE*
- **AÐSTOÐARMAÐUR**
  á dælubíla.
- **STARFSMAÐUR**
  í fóðrunarflokk.

Í boði eru góðir tekjumöguleikar, fjölbreytt starf og góður starfsandi. Frekari upplýsingar veita Ragnhildur Aradóttir (starfsmannafulltrúi) og Sveinn Bjarnason (rekstrarstjóri) í síma **567 7090** eða í tölvupósti: **ragga@hrt.is** eða **sveinn@hrt.is**.

*As our business is growing, we are adding to our high-performing team. **We are looking for people with some experience of working on heavy-duty equipment.***

- ***SEWAGE TRUCK OPERATOR***
  – Driving license CE required.
- ***TRUCK WORKER***
  on sewage trucks.
- ***WORKER***
  in a pipe lining team.

We can offer good income possibilties, diverse jobs and a good working morale. *Further information is given by Ragnhildur Aradóttir (HR representative) and Sveinn Bjarnason (Operations manager), phone **567 7090** or e-mails **ragga@hrt.is** or **sveinn@hrt.is**.*

HREINSITÆKNI

HREINSITÆKNI er leiðandi fyrirtæki í þjónustu við fráveitukerfi landsins, hvort sem um ræðir hreinsun, myndatökur, fóðrun lagna eða rekstur heildstæðra kerfa. Í því skyni rekur fyrirtækið dælubíla, tæki til lagnamyndunar, fóðrunarteymi og skólphreinsistöðvar. Fyrirtækið er í fremstu röð á sínu sviði. Við veitum starfsfólki okkar góða þjálfun, þannig að það geti leyst sín verkefni vel af hendi.

HREINSITÆKNI *is a leading company in servicing the country's wastewater systems, cleaning, system inspection, lining or operating complete wastewater systems. For this purpose the company operates sewage trucks, a system inspection equipment, a team for lining pipes and complete sewage stations. As a leading company in its field, we make sure that our staff receives adequate training, in order to being able to solve its tasks in an outstanding manner.*

MANNVERK
FRAMKVÆMDIR
OG RÁÐGJÖF

Verkefnastjóri

Rafmagnstæknifræðingur eða rafmagnsverkfræðingur

Vegna umfangsmikilla framtíðarverkefna óskar Mannverk eftir að ráða verkefnastjóra af rafmagnssviði sem langar að takast á við krefjandi verkefni og skemmtilegar áskoranir með góðri liðsheild.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Verkefnastjórnun og rekstur umfangsmikilla verkefna
- Samræming hönnunar og tæknilegra útfærslna
- Kostnaðar- og gæðaeftirlit
- Úttektir og eftirfylgni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnstæknifræði eða -verkfræði
- Árangursrík reynsla af verkefnastjórnun
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

Mannverk ehf. var stofnað á vordögum 2012. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróunarverkefnum, stýriverktöku, verkefna- , hönnunar- og byggingastjórnun ásamt almennri framkvæmdaráðgjöf. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess: **www.mannverk.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **7. júní** n.k. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og
Henrietta Þóra Magnúsdóttir (henrietta@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Framkvæmdastjóri

STOÐ

Stoð óskar eftir að ráða drífandi leiðtoga í krefjandi og áhugavert starf framkvæmdastjóra. Viðkomandi þarf að búa yfir leiðtogahæfileikum, samskiptahæfni, getu til að hrinda verkefnum í framkvæmd og drifkrafti til að leiða starfsfólk að sameiginlegum markmiðum.

Framkvæmdastjóri Stoðar starfar samkvæmt stefnu, gildum og framtíðarsýn fyrirtækisins og er öðrum til fyrirmyndar í hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika. Stoð er eitt af fimm dótturfyrirtækjum samstæðu Veritas og starfa fyrirtækin náið saman.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á daglegum rekstri og afkomu fyrirtækisins, þ.m.t. mannauðsmálum, birgðum, upplýsingatækni o.fl.
- Ábyrgð á áætlanagerð og uppgjöri
- Tilboðs- og samningagerð við innlenda og erlenda aðila
- Samskipti við viðsemjendur, birgja og aðra hagsmunaaðila
- Stuðningur við deildarstjóra og annað lykilstarfsfólk
- Ábyrgð á markmiðum og áætlunum gagnvart stjórn
- Þátttaka í framkvæmdastjórn Veritas og stefnumótun samstæðunnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun, rekstri og mannauðsmálum er nauðsynleg
- Reynsla af smásölurekstri og markaðsstarfi er kostur
- Þekking og reynsla af framkvæmd opinberra útboða og samskiptum við aðila innan heilbrigðisgeirans
- Reynsla og þekking á heilbrigðisþjónustu er kostur
- Reynsla af alþjóðaviðskiptum og samningagerð
- Leiðtoga- og forystuhæfileikar
- Drifkraftur, frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Skipulagshæfni, góð yfirsýn og geta til að halda mörgum boltum á lofti
- Góð tungumálakunnátta

Umsóknarfrestur er til og með **4. júní 2023**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfið. Áhugasamir aðilar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Stoð er framsækið þjónustufyrirtæki á heilbrigðissviði sem stofnað var árið 1982. Fyrirtækið sérhæfir sig í lausnum, vörum og þjónustu fyrir fatlaða, aldraða og fólk með stoðkerfisvandamál. Í glænýju og sérhæfðu húsnæði Stoðar að Draghálsi 14 -16 starfa yfir 30 manns, m.a. fjöldi sérfræðinga við smíði á spelkum, gervilimum, skóm og innleggjum. Einnig aðstoðar starfsfólk viðskiptavini við val á hjálpartækjum, skóm o.fl. Nánari upplýsingar má finna á **www.stod.is**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Borgarbyggð auglýsir laust til umsóknar fjölbreytt starf sem felur í sér að leiða uppbyggingu í sveitarfélaginu. Í starfinu felst að stýra sviði sem ber ábyrgð á skipulags- og byggingarmálum og umhverfis- og landbúnaðarmálum í vaxandi samfélagi. Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs er hluti af framkvæmdaráði sveitarfélagsins og heyrir beint undir sveitarstjóra.

Helstu verkefni

- Dagleg stjórn skipulags- og umhverfissviðs en undir það heyra skipulags- og byggingardeild og umhverfis- og framkvæmdadeild
- Að leiða aðkomu sveitarfélagsins að uppbyggingu, viðhaldi og öðrum framkvæmdum
- Yfirumsjón með umhverfis- og landbúnaðarmálum í sveitarfélaginu
- Umsjón með útboðum og verkkaupum er varða málaflokkinn
- Samskipti við íbúa, fyrirtæki, opinbera aðila og aðra sem eiga erindi við sveitarfélagið í þeim málaflokkum sem heyra undir sviðið
- Kynning og ráðgjöf til sveitarstjórnar, byggðarráðs og sveitarstjóra
- Önnur verkefni sem sveitarstjóri felur sviðsstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er kostur
- Farsæl stjórnunarreynsla er kostur
- Þekking og farsæl reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Reynsla af viðhaldi og framkvæmdum. Reynsla af opinberum framkvæmdum er kostur
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði, skipulagshæfni og fagmennska
- Góð almenn tölvukunnátta
- Færni í framsetningu og miðlun upplýsinga bæði í ræðu og riti
- Gott vald á íslensku og ensku

Borgarbyggð er liðlega 4.000 íbúa sveitarfélag sem nær yfir tæplega 5.000 ferkílómetra svæði. Um helmingur íbúa býr í Borgarnesi en auk þess er þéttbýli á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum, Varmalandi, Bifröst og Reykholti og blómleg byggð til sveita. Þá eru í Borgarbyggð um 1.500 frístundahús. Í Borgarbyggð má finna fjölbreytta alhliða þjónustu. Í sveitarfélaginu eru tveir háskólar, menntaskóli, tveir grunnskólar og fimm leikskólar. Þar er margbrotið atvinnulíf; ferðaþjónusta, verslun, iðnaður, orkuframleiðsla, landbúnaðar og önnur fjölbreytt matvælaframleiðsla. Borgarbyggð er í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Íbúar Borgarbyggðar njóta nálægðar við útivist og afþreyingu. Menningar- og íþróttalíf er fjölbreytt og yfirleitt gefst góður tími til að sinna fjölskyldu, vinum og áhugamálum að afloknum vinnudegi.

Sótt er um starfið á hagvangur.is

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt gildandi samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá ásamt afriti af prófskírteinum. Umsókn fylgi einnig kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað. Um er að ræða 100% starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er **til og með 4. júní nk.**

Nánari upplýsingar veita Elín Dögg Ómarsdóttir, **elin@hagvangur.is**, og Þórdís Sif Arnarsdóttir, **thordis@hagvangur.is**.

Á vinnustaðnum eru gildin virðing, áreiðanleiki og metnaður höfð að leiðarljósi.

HEFUR ÞÚ ROÐ VIÐ OKKUR?

Kerecis er það fyrirtæki sem vex hraðast í heiminum á sviði meðferðar sára og vefjaskaða. Tækni Kerecis byggir á roði og fitusýrum og er tæknin notuð við meðhöndlun á margskonar vandamálum, s.s. sykursýkisssárum, brunasárum, munnholssárum sem og til að flýta fyrir gróanda og til að styrkja líkamsvef eftir skurðaðgerðir.

Kerecis er á lista Financial Times yfir þau 1000 fyrirtæki í Evrópu sem vaxa hraðast. Félagið á í rannsóknar- og þóunarsamstarfi við aðila víða um heim m.a. við bandarískar varnarmálastofnanir.

Kerecis sáraroð á þátt í bata þúsunda um allan heim árlega.

Um 500 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu á Ísafirði, Reykjavík, Sviss, Þýskalandi, Austurríki og í Bandaríkjunum.

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
GRAPHIC DESIGNER 30096

Við leitum að grafískum hönnuði til að miðla upplýsingum og gildum Kerecis þannig að eftir sé tekið.

Starfssvið
- Hönnun og umbrot á efni fyrir prent- og vefmiðla
- Þáttaka í hugmyndavinnu
- Framfylgja vörumerkjastefnu Kerecis

Hæfni
- BA próf í grafískri hönnun er kostur
- Þekking og reynsla af Adobe forritasafninu
- Reynsla af hópvinnu og góð samskiptahæfni

Upplýsingar veitir Jelena Ohm
johm@kerecis.com

FORSTÖÐUMAÐUR SAMSKIPTA
DIRECTOR OF COMMUNICATIONS 30104

Forstöðumaður kynninga og vefmála vinnur að því að gera okkur fræg.

Starfssvið
- Móta og fylgja eftir stefnu í kynningar- og vefmálum
- Fréttatilkynningar, samskipti við fjölmiðla og samfélagsmiðlasamskipti
- Rekstur og þróun vefseturs

Hæfni
- Framúrskarandi íslensku- og enskukunnátta
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Umfangsmikil reynsla af starfsemi fjölmiðla
- Reynsla af vefmálum og stafrænni markaðssetningu
- Nákvæm og öguð vinnubrögð

Upplýsingar veitir Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

SKRIFSTOFUSTJÓRI
OFFICE MANAGER 30063

Skrifstofustjórinn sér til þess að hjólin snúist á skrifstofu Kerecis í Reykjavík.

Starfssvið
- Daglegur rekstur skrifstofu
- Umsjón bréfasamskipta og undirritunarferli samninga
- Skjölun og frágangur skjala
- Almenn skrifstofuverkefni og aðstoð á skrifstofu forstjóra

Hæfni
- Háskólamenntun er kostur
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Þjónustulund og glaðleg framkoma

Upplýsingar veitir Hrefna Briem
hsb@kerecis.com

KERFISSTJÓRI
SYSTEM ADMINISTRATOR 30111

Kerfisstjórar Kerecis vakta og þróa tæknilega innviði Kerecis sem byggja m.a. á AWS, Microsoft og HCL.

Starfssvið
- Viðhald og vöktun tölvukerfa
- Endurbæta ferla og endurbætur í þjónustu
- Tækniaðstoð

Hæfni
- Haldgóð þekking á tölvukerfum
- Menntun og/eða starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Mikill áhugi á að læra nýja hluti og lausnamiðuð hugsun

Upplýsingar veitir Aðalbjörg Guðmundsdóttir
ag@kerecis.com

SÉRFRÆÐINGUR Í VIÐSKIPTA-STJÓRNUNARKERFUM
ERP SPECIALIST 30069

Microsoft Business Central rokkstjarna sem tryggir að innleiðing Kerecis á kerfinu verði sem allra best

Starfssvið
- Stýrir innleiðingu og þróun
- Vinnsla grunnupplýsinga
- Þjálfun og stuðningur við notendur

Hæfni
- Þekking á rekstri viðskiptastjórnunarkerfa
- Reynsla af Business Central eða Navision er kostur
- Reynsla úr alþjóðlegu umhverfi er kostur

Upplýsingar veitir Björgvin Gauti Bæringsson
bgb@kerecis.com

DEILDARSTJÓRI REIKNINGSHALDS
ACCOUNTING MANAGER 30110

Deildarstjórinn hefur yfirumsjón og eftirlit með bókhaldi og tryggir að debet og kredit stemmi!

Starfssvið
- Afstemmingar og mánaðaruppgjör
- Umsjón með bókhaldsteymi
- Skipulagning úrbótarverkefna

Hæfni
- MSc í reikningshaldi, fjármálum eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Að lágmarki fimm ára reynsla úr svipuðu starfi
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni
- Reynsla úr alþjóðlegu umhverfi er kostur
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Upplýsingar veitir Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir sendist í Alfreð fyrir lok 9. júní. Staðsetning starfanna er í Reykjavík eða á Ísafirði.

KERECIS ÍSAFIRÐI
SUNDSTRÆTI 38
400 ÍSAFJÖRÐUR
+354 419 8000

KERECIS REYKJAVÍK
LAUGAVEGUR 77
101 REYKJAVÍK
+354 419 8000

KERECIS ÞÝSKALAND
MELLI-BEESE-STRASSE 11
50829 KÖLN

KERECIS BANDARÍKIN
2101 WILSON BLVD
SUITE 900
ARLINGTON
VIRGINIA 22201
+1 703 287 8752

KERECIS.COM

kerecis®

CAFF EXECUTIVE SECRETARY

Conservation of Arctic Flora and Fauna

The Conservation of Arctic Flora and Fauna (CAFF) Working Group of the Arctic Council is seeking a candidate for the position of Executive Secretary for the CAFF International Secretariat located in Akureyri, Iceland.

Arctic Council and CAFF
The Arctic Council is the primary intergovernmental forum promoting cooperation, coordination and interaction among Arctic States, Indigenous communities, and peoples on issues of common importance. CAFF is one of six Arctic Council working groups and is tasked with cooperating on species and habitat management and utilization, to share information on management techniques and regulatory regimes, and to facilitate more knowledgeable decision-making. It provides a mechanism to develop common responses on issues of importance for the Arctic ecosystem such as development and economic pressures, conservation opportunities and political commitments.

Work description
The Executive Secretary's role – working under direction from the CAFF Chair – is to support the CAFF working group in fulfilling the above mandate by:
- Managing the staff of the CAFF Secretariat, the finances associated with the Secretariat and projects carried out by CAFF;
- Sourcing resources and funding to support CAFF activities;
- Representing CAFF at meetings, conferences and in project committees;
- Supporting development and implementation of CAFF and Arctic Council strategies;
- Organizing meetings and project activities, drafting reports, disseminating official communications, distributing documents, coordinating working group's activities, managing the CAFF website including the Arctic Biodiversity Service (ABDS);
- Communicating with Arctic Council Member States, Permanent Participants, Observers and collaborators;
- Coordinating collaboration and communication between CAFF, the Arctic Council Secretariat, other Arctic Council Working Groups, and partners;
- Performing any other tasks assigned by the CAFF Chair.

Requirements
The position is located at the CAFF Secretariat in Akureyri, Iceland. Applications for this position must meet the following requirements:
- Administrative and managerial experience including budgetary and staff management.
- Ability to work independently and with a team where strict deadlines are important.
- Ability to travel internationally (regularly through the year).
- Master's degree or equivalent in biology, environmental sciences or equivalent.
- Experience in international inter-governmental and scientific cooperation.
- In depth knowledge about Arctic biodiversity, environment, Indigenous Peoples and stakeholder issues, and the Circumpolar Norths.
- Fluency in oral and written English.

The Executive Secretary will initially be employed for 4 years with a potential further 4-year's extension of employment. There will be a probationary period of 6 months. Expected starting date is as soon as possible in autumn 2023, with the understanding that allowances may need to be made for fulfilling requirements to current employers. Salary will be commensurate with experience and relocation costs covered.

Applications should consist of a CV, at least two professional and personal references and a short cover letter which summarizes your background, statement of interests and professional/personal skills. The application package must be emailed to: CAFF International Secretariat, c/o Olga Palsdóttir olga@caff.is.

Application deadline is midnight (GMT) July 1, 2023.

For further information please contact Olga Palsdóttir olga@caff.is. It is recommended that interested applicants visit the CAFF website (www.caff.is) and the website for the Arctic Council (www.arctic-council.org). Further information about Akureyri can be found at www.akureyri.is.

SVIÐSSTJÓRAR

Þingeyjarsveit

Vilt þú taka þátt í að byggja upp ný svið í kröftugu og ný sameinuðu sveitarfélagi? Þingeyjarsveit leitar að drífandi og metnaðarfullum einstaklingum til að leiða tvö ný svið; umhverfis- og framkvæmdasvið og fjármála- og stjórnsýslusvið.

SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDASVIÐS

Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs ber ábyrgð á daglegri starfsemi sviðsins og leiðir vinnu við undirbúning og framkvæmd stjórnsýslulegra verkefna sviðsins.

Meginverkefni sviðsins eru umhverfismál, umsjón með fasteignum sveitarfélagsins, nýframkvæmdum, viðhaldi fasteigna, vatnsveitu, fráveitu og hitaveitu, viðhaldi gatna og snjómokstri. Sviðið hefur yfirumsjón með þjónustumiðstöð, garðyrkju og umhverfi, opnum svæðum, landgræðslu og skógrækt, vinnuskóla, sorpmálum og hreinlætismálum sem og umsjón með fjallskilum, girðingum og meindýravörnum.

Sviðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Áætlanagerð, stjórn og daglegur rekstur umhverfis- og framkvæmdasviðs, þ.m.t. mannaforráð
- Stefnumótun og áætlanagerð í málaflokknum, verkefnastjórn og kostnaðareftirlit
- Ábyrgð á úrgangsmálum í sveitarfélaginu
- Ábyrgð á verkefnum sem tengjast náttúru- umhverfis- og loftlagsvernd, skógrækt, friðlýsingu svæða, náttúruminjum og umhverfisfræðslu í sveitarfélaginu
- Ábyrgð á skipulags- og byggingarmálum í samstarfi við skipulags- og byggingarfulltrúa
- Ábyrgð á stjórnsýslulegri úrvinnslu og gangaskilum innan sviðsins
- Samskipti, upplýsingagjöf og samstarf við fagnefndir, hagsmunaaðila og stofnanir
- Önnur verkefni í samráði við sveitarstjóra

Þekkingar- og hæfnikröfur
- Menntun sem nýtist í starfi
- Viðtæk og farsæl reynsla af verkefnum sem falla að starfinu
- Þekking og reynsla úr opinberri stjórnsýslu
- Þekking á lögum og reglugerðum sem varða starfsemi sviðsins
- Leiðtogahæfni og rík færni í mannlegum samskiptum
- Góð skipulagsfærni, árvekni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni.

SVIÐSSTJÓRI FJÁRMÁLA- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐS

Þingeyjarsveit leitar að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að leiða nýtt fjármála- og stjórnsýslusviðs sveitarfélagsins.

Leitað er að einstaklingi sem hefur frumkvæði og aðlögunarhæfni að síbreytilegum aðstæðum og fjölbreyttum verkefnum. Sviðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra og er staðgengill hans. Sviðið er stoðsvið fyrir önnur svið og stofnanir sveitarfélagsins.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ber ábyrgð á daglegri starfsemi sviðsins, fjárhagslegum rekstri sveitarfélagsins ásamt mannauðsmálum í samvinnu við stjórnendur, sem og að vera leiðandi í stefnumótun í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Daglegur rekstur og stjórn fjármála- og stjórnsýslusviðs
- Ábyrgð á fjárhagslegum rekstri sveitarfélagsins og þróun verkferla
- Yfirumsjón með undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgni fjárhagsáætlana
- Yfirumsjón með mannauðs- og gæðamálum
- Umsýsla fundarboða og fundargerða ásamt afgreiðslu erinda byggðarráðs og sveitarstjórnar
- Ábyrgð á uppfærslum á samþykktum, reglum og gjaldskrám sveitarfélagsins
- Umsjón með samstarfssamningum
- Upplýsingagjöf til stjórnenda og sveitarstjórnar um málefni sviðsins
- Samræming góðra stjórnsýsluhátta í starfsemi sveitarfélagsins
- Önnur verkefni í samráði við sveitarstjóra

Þekkingar- og hæfnikröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Viðtæk og farsæl reynsla af verkefnum sem falla að starfinu
- Þekking og reynsla af fjármálum, rekstri og áætlanagerð
- Þekking og reynsla úr opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Leiðtogahæfni og rík færni í mannlegum samskiptum
- Góð skipulagsfærni, árvekni og öguð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni

Umsóknarfrestur er til og með 7. júní 2023.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.

Við ráðningu eru jafnréttissjónarmið jafngild öðrum málefnalegum sjónarmiðum og hvetjum við áhugasama að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Um 100% störf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafi störf sem fyrst.

MÖGNUM

Sótt er um störfin á www.mognum.is.

Nánari upplýsingar veita:

Sigríður Ólafsdóttir I sigga@mognum.is
Telma Eiðsdóttir I telma@mognum.is

Smáauglýsingar · sími 569 1100
Morgunblaðið

TR

Störf í boði hjá TR

Bakendaforritari í upplýsingatækni

Hefur þú áhuga á að vinna í framsæknu tækniumhverfi með öflugu starfsfólki þar sem lögð er áhersla á framþróun og nýsmíði? Þá gætir þú átt heima á sviði upplýsingatækni hjá Tryggingastofnun (TR). Við erum að leita að bakendaforritara sem er drífandi og með sterkan tæknilegan bakgrunn og sýnir frumkvæði að nýjungum og endurbótum í upplýsingakerfum.

TR vinnur að þróun nýrra hugbúnaðarlausna og eru verkefnin því fjölbreytt og krefjandi en megináhersla þeirra er frekari stafræn þróun, skýjalausnir og sjálfvirknivæðing við afgreiðslu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Framþróun og nýsmíði upplýsingakerfa
- Frumkvæði að nýjungum og endurbótum í upplýsingakerfum
- Samskipti þvert á stofnunina, við ytri aðila og birgja

Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt háskólapróf sem nýtist í starfi. Meistarapróf er kostur
- Góð þekking og reynsla af bakendaþróun í .NET Core og C#
- Reynsla af hönnun gagnagrunna í PL/SQL og Oracle er kostur
- Reynsla af Kubernetes, Docker og Azure
- Reynsla af teymisvinnu, t.d. Agile
- Sjálfstæð vinnubrögð, góð samskiptahæfni, metnaður og greiningarhæfni,
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

Verkefnastjóri í upplýsingatækni

Hefur þú áhuga á að vinna í framsæknu tækniumhverfi með öflugu starfsfólki þar sem lögð er áhersla á framþróun og nýsmíði? Þá gætir þú átt heima á sviði upplýsingatækni hjá Tryggingastofnun (TR). Við erum að leita að verkefnastjóra sem er drífandi, með sterkan tæknilegan bakgrunn og sýnir frumkvæði að nýjungum og endurbótum í upplýsingakerfum.

TR vinnur að þróun nýrra hugbúnaðarlausna og eru verkefnin því fjölbreytt og krefjandi en megináhersla þeirra er frekari stafræn þróun, skýjalausnir og sjálfvirknivæðing við afgreiðslu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Verkefnastjórn verkefna í framþróun og nýsmíði upplýsingakerfa
- Frumkvæði að nýjungum og endurbótum í upplýsingakerfum
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Samskipti þvert á stofnunina, við ytri aðila og birgja
- Vinna með stjórnendum við að tryggja framgang verkefna

Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt háskólapróf sem nýtist í starfi. Meistarapróf er kostur
- Reynsla í verkefnastjórnun hugbúnaðarverkefna
- Reynsla af Agile er kostur
- Þekking á Microsoft Azure og skýjalausnum er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Greiningarhæfni og skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfni og mikil þjónustulund
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

Sérfræðingur í erlendum málum

Hefur þú brennandi áhuga á lífeyrismálum, góða þjónustulund, góð tök á erlendum tungumálum og reynslu af starfi og/eða búsetu erlendis? Þá gætir þú verið rétta manneskjan í teymi sérfræðinga í afgreiðslu lífeyrisréttinda á milli landa.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skráning, mat og ákvarðanataka um lífeyrisréttindi fólks á milli landa
- Ráðgjöf og upplýsingamiðlun til viðskiptavina í síma og framlínu
- Ritun bréfa vegna úrvinnslu mála
- Þróun gæðaferla og verklagsreglna

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tungumálum, alþjóðasamskiptum, alþjóðafræði eða annað háskólapróf sem nýtist í starfi
- Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Annað tungumál sem nýtist í starfi er kostur
- Hæfni í greiningu, túlkun og framsetningu gagna
- Mjög gott vald á rituðu íslensku máli
- Mjög góð samskiptahæfni, lausnamiðuð hugsun og frumkvæði
- Skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð



Nánari upplýsingar má finna á **starfatorg.is** | Umsóknarfrestur er til og með **5. júní 2023**
Frekari upplýsingar um störfin veitir **Hólmfríður Erla Finnsdóttir**, mannauðsstjóri, í síma **560 4400**

Tjónmatsfulltrúi fasteigna

Við leitum að drífandi og öflugum einstaklingi í skoðanir og tjónamat á fasteignum. Um er að ræða spennandi starf í öflugu teymi innan tjónasviðs sem þjónustar viðskiptavini sem lenda í fasteignatjónum.

Helstu verkefni

- Þjónusta til viðskiptavina með fasteignatjón
- Tjónamat og ákvörðun bótaskyldu
- Kostnaðarmat og uppgjör tjóna
- Umsjón og samskipti við verktaka

Hæfniskröfur

- Meistaragráða í iðngrein, byggingafræðimenntun eða sambærileg menntun er kostur en ekki skilyrði.
- Framúrskarandi þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð og geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvætt hugarfar og vilji til að vera hluti af samhentu teymi

Við bjóðum uppá frábæra vinnuaðstöðu í höfuðstöðvum okkar í Borgartúni. Þar má finna mötuneyti í heimsklassa, líkamsræktarsal í húsinu, öflugt starfsmannafélag og skemmtilegan starfsanda.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristinn Þór Guðmundsson, teymisstjóri fasteignatjóna, kristinng@vordur.is

Umsóknarfrestur er til og með 30.maí 2023.

vörður

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

Atvinna óskast

Viðskiptafræðingur
um fimmtugt með mjög fjölbreytta starfsreynslu óskar eftir verkefni eða hlutastarfi.
Allt kemur til greina.
Upplýsingar á netid@netid.is

Óskum eftir að ráða

Þjónustustjóra

í þjónustudeild

Starfssvið:

Yfirumsjón og rekstur á öllum viðgerðum og varahlutum. Vinnutími kl. 8 -17
Bíll fylgir starfinu. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og geta unnið sjálfstætt.

Upplýsingar um umsækjanda, aldur og starfsferil óskast sendar á netfangið sht@verslun.is

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Arkitekt og byggingarfræðingur

Zeppelin arkitektar leita að tápmiklum, hugmyndaríkum og metnaðarfullum arkitektum og byggingarfræðingum.

Umsækjendur þurfa að hafa góð tök á þrívíddarforritum; Archicad eða Revit og færni í Photoshop og öðrum myndvinnsluforritum er æskileg. Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og í hópi og jafnvel leitt verkefni og kynnt þau á fundum. Í starfinu felast samskipti við stjórnvöld og verkkaupa og góð tök á íslensku er því æskileg.

Áhugasömum er bent á heimasíðu arkitektastofunnar www.zeppelin.is Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og skulu þær, ásamt ferilskrám, sendar á Orra Árnason (orri@zeppelin.is)

ZEPPELIN ARKITEKTAR

FINNA.is

Húnabyggð

Húnaskóli auglýsir eftir kennurum fyrir skólaárið 2023-2024

Húnaskóli er nýr framsækinn skóli í mótun með 180 nemendur í 1.–10. bekk. Skólinn leitast við að koma til móts við þarfir nemenda sinna á persónulegan og einstaklingsmiðaðan hátt. Lögð er áhersla á teymiskennslu. Gott samstarf er við nærsamfélagið svo sem íþróttafélögin og tónlistarskólann.

Kennarastöður
Staða umsjónarkennara á unglingastigi, 100% staða til eins árs frá 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2024 vegna afleysingar. Kennslugreinar: íslenska, samfélagsfræði og stærðfræði.

Staða **sérkennara,** 100% staða frá 1. ágúst 2023. Æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sviði sérkennslu og kennslureynslu á því sviði. Mikilvægt er að viðkomandi sé tilbúinn að vinna með fjölbreyttum nemendahópi og kostur ef reynsla af kennslu á mið- og unglingastigi sé til staðar.

Staða **textílmenntakennara,** 65% staða (með hugsanlegum möguleika á 100% stöðu með kennslu í öðrum námsgreinum) til eins árs frá 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2024 vegna afleysingar.

Staða **kennara í hönnun og smíði,** 65% staða (með hugsanlegum möguleika á 100% stöðu með kennslu í öðrum námsgreinum) frá 1. ágúst 2023.

Umsækjendur verða að hafa leyfisbréf til kennslu og kennslureynsla í grunnskóla æskileg. Leitað er eftir einstaklingum sem hafa góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og teymiskennslu, samþættingu námsgreina og þemabundin verkefni. Reynsla af samkennslu árganga og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvæg.

Umsóknum þar sem fram kemur hvaða starf er verið að sækja um skal skilað ásamt kynningarbréfi og ferilskrá í tölvupósti á netfang Þórhöllu Guðbjartsdóttur skólastjóra, thorhalla@hunaskoli.is. Umsækjandi þarf að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Nánari upplýsingar fást hjá skólastjóra í síma 892-4928. Umsóknarfrestur er til 30. maí.

Umsækjendur mega ekki hafa hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Umsækjendur mega ekki hafa hlotið refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Rétt er að vekja athygli á því að við ráðningu er heimilt að sækja upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, að veittri fræðslu til hans þar að lútandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.

Vilt þú styðja fyrirtæki og frumkvöðla til góðra verka?

Rannís óskar eftir sérfræðingi, sem brennur fyrir nýsköpun og þróun, í fullt starf í nýsköpunarteymi. Starfið felur í sér umsýslu Tækniþróunarsjóðs, skattfrádráttar rannsókna- og þróunarverkefna og annarra minni sjóða

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, meistarapróf á sviði verkfræði eða raunvísinda er kostur
- Þekking á íslensku rannsókna- og nýsköpunarumhverfi
- Frumkvæði, góð samskiptafærni og vilji til að veita góða þjónustu
- Mjög góð færni í töflureikni er skilyrði ásamt færni í helstu Office forritum eða sambærilegu
- Færni í greiningu og hagnýtingu stafrænna gagna er kostur
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði tal- og ritmáli
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna sjálfstæð, öguð og vönduð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Óli Sigurðsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs, í síma 515 5802 eða netfanginu sigurdur.o.sigurdsson@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2023.

Sækja skal um starfið á heimasíðu Rannís, **www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/**.
Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskírteini.

Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Við ráðningu í starfið er tekið mið af jafnréttisáætlun Rannís. Laun greiðast samkvæmt viðeigandi kjarasamningi við fjármálaráðuneytið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Rannís er líflegur vinnustaður með um 65 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Byrjaðu hjá okkur og breyttu heiminum

Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar hjá Tækniskólanum:

- Kennari í bygginagreinum
- Cisco sérfræðingur til kennslu
- Tæknifræðingur í Raftækniskólanum

Nánari upplýsingar um störfin má finna á www.alfred.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Kynningarfundur

Þriðjudaginn 30. maí kl. 17:00 verður haldinn kynningarfundur að Norðurhellu 2, vegna breytinga á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar reit R4, Víkingastræti 2.

Samkvæmt deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir niðurrifi byggingar á lóðinni Víkingastræti 2 er hýsir leikhús (Gaflaraleikhúsið) og að í hennar stað rísi nýbygging á lóðinni, 3 – 4 hæðir ásamt kjallara. Hámarksbyggingarmagn hótelnýbyggingar verði 3.510m². Í nýbyggingunni verði gert ráð fyrir allt að 65 hótelherbergjum, hún tengist núverandi hóteli og verði sama rekstrareining. Heimilt verði að reisa turn við anddyri nýbyggingar og svalir við öll hótelherbergi á 2., 3 og 4. hæð. Jafnframt er gerð tillaga að breytingu á lóðarmörkum lóða nr. 1, 2 og 3 við Víkingastræti og að þær verði sameinaðar í eina lóð. Gert verði ráð fyrir 21 bílastæði á sameiginlegri lóð. Kvöð verði um umferðar- og gönguleið.

Nánar á:
hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Smáauglýsingar

569 1100 | www.mbl.is/smaaugl

Málarar

Málarar
Við erum löggildir málar og tökum að okkur öll verkefni, stór sem smá. Gerum tilboð eða tímavinnu og erum mjög sanngjarnir.
Hafið samband s. 782-4540, loggildurmalari@gmail.com

Bækur

Bækur til sölu
Íslensk skip 1 til 5. Vestfiskri sýslsadagar 1 til 2. Verstfiskar ættir 1 til 4. Deildartunguætt 1 til 2. 1001 nótt 1 til 3. Mannlíf í Aðalvík. Vestfirðið H.b. Íslendingasögur 38. stykki. Þjóðsögur Jóns Árnasonar 1 til 6. Ísfólkið 37 stykki.
Uppl. í síma 898 9475

Hljóðfæri

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Útsala
Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Útsala
Gítarar
í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

SKEMMTANIR



Hljómsveitin ÚLTRA
Hljómsveit: A. Kröyer/dúett
Tek að mér að spila í einka-samkvæmum, brúðkaupum, árshátíðum, afmælum og fl.
Er með hljómborð sem virkar eins og hljómsveit.
Get líka verið með fjöldasöng og nota þá kassagítar.
Eins er ég með dinnertónlist.
Söngkona Ann Andreasen.
Verð við allra hæfi.
Anton – antonben@simnet.is
gitarinn@gitarinn.is
Símar: 895 9376 - 552 2125

Iðnaðarmenn

Dyrasímar og Unifi-kerfi
Uppsetning og viðhald
Rafeindameistarinn ehf
sími 898 4484

Byggingavörur

Harðviður til húsabygginga
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, pallaefni 21x145mm, 21x140, 90x21mm, útihurðir 5,4cmx210cm (80,90 og 100cm) o.fl. Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolíur.
NÝKOMIÐ BANKIRAI
HARÐVIÐUR 21X145MM VERÐ 1.950 KR LENGDARMETERINN
slétt beggja megin fasað og ofnþurrkað. Lengdir frá 2.44 metrar upp í 5,50 metrar.
Upplýsingar hjá Magnúsi á **magnus@vidur.is** og í símum 660 0230 og 561 1122, og frá 10-14 á Indus ,Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Bílar

Toyota Sienna Luxury 4x4,
7 manna. 4 x Isofix festingar. 9/2016 ekinn 123 þ.km. Leðursæti og hlaðinn búnaði. Þessir koma ekki oft á sölurnar svo nú er að stökkva !
Verð: 6.990.000,-

SPARBÍLL

www.sparibill.is
Hátúni 6 A – sími 577 3344.
Opið kl. 10–18 virka daga.

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

NÝTT ÖKUTÆKI
MMC Eclipse Cross phev Intense +.
Árgerð 2022. Sjálfskiptur. Bensín/Rafmagn, bakkmyndavél. Forhitun á miðstöð. **Verð 6.150.000** stgr. Rnr. 228073. **Aukahlutapakki að upphæð kr. 360.000,- fylgir með**, sem inniheldur: Dráttarkrók, gúmmí og taumottur. Gráir, hvítir og svartir í boði. Seljandi skoðar skipti á ódýrari.
Nánari upplýsingar veita Höfðabílar ehf. í síma 577-4747

Húsviðhald

Húsaviðgerðir
www.husco.is
Sími 555 1947
Gsm 894 0217

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK
FLOTUN - SANDSPARSL
MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum
Tímavinna eða tilboð
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Sumarhús

Sumarhús –Heilsárshús
Gestahús –Breytingar
- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.
Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is

Ýmislegt

Inntökupróf í læknisfræði í Jessenius Faculty of Medicine í Martin Slóvakíu verður haldið 3 júní á netinu (online). Umsóknarfrestur til 25 mai. www.jfmed.uniba.sk/en.
Uppl. 8201071
kaldasel@islandia.is

Garðar

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR
Öll almenn járnsmíði - Sláttuorf
Sláttutraktorar - Dælur -
Jarðvegsþjöppur Rafstöðvar -
Kerrusmíði -Sláttuorf
Keðjusagir - Hekkklippur
Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum

SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661
Skemmuvegur 34 - 200 Kópavogur
Netfang: velaverkjs@simnet.is
Símar: 554 0661 - 897 4996 - 699 2502

mbl.is
Færir þér fréttirnar

Tilkynningar

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda
Álit Skipulagsstofnunar

Allt að 24.000 tonna laxeldi Geo Salmo í Ölfusi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið, umsagnir, viðbrögð við þeim og umhverfismatsskýrslu Geo Salmo er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

Félagsstarf eldri borgara

Aflagrandi 40 Opin vinnustofa kl.9:00-12:00, nóg pláss - Morgunspjall, heitt á könnunni milli 9:00-11:00 - Ukulele kl.10:00 - Boccia kl.10:15 - Kaffi kl.14:30-15:20 - Nánari upplýsingar í síma 411-2702 - Öll velkomin
Félagsmiðstöðin Hraunbæ 105 Kl. 8:30 Morgunkaffi og spjall / Kl. 9:00-11:30 Opin handavinnustofa MEÐ leiðbeinanda / Kl. 9:30-10:00 Bænastund í borðsal / Kl. 10:00 Leikfimi með Fylki í borðsal /Kl. 12:30 Sögustund í handavinnustofu. Verið öll hjartanlega velkomin :)
Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31 Kaffisopi og spjalla kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 9:00-12:00. Morgunleikfimi með Halldóru á RÚV kl. 9:45-10:00. Morgunandakt kl. 10:00-10:30. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 12:30-15:45. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.
Garðabær 9:00 Kaffi á könnunni - Strikinu 8 9.00 QJ-Gong í Sjálandssk. 10.00 Ganga frá Strikinu 8 11.00 Stóla-jóga Sjálandssk. 12.15 Leikfimi í Ásgarði 13.00 Handavinnuhorn Strikinu 8 13.45-15.15 Kaffiveitingar – Strikinu 8 13.10 Boccia í Ásgarði
Gerðuberg Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30, heitt á könnunni. Línudans 11:00 – 12:00 Bútasaumur kl. 13:00 - 16:00 Allir velkomnir
Gjábakki Kl. 8.30 til 15.30: Opin handavinnustofa og verkstæði. Kl. 10.55 - 12.15 Yoga. 13 til 13.30: Virkni og Vellíðan.
Gullsmári Handavinna kl. 9:00. Boccia kl. 10:00.
Hraunsel Billjard: Kl. 8:00-16:00. Pílukast kl. 13:00. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.
Hvassaleiti 56-58 Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa 9:00-16:00. Stólaleikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30 – 12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður.
Korpúlfar Borgum Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og aftur kl. 11:00 Bókmenntahópur fjallar um bókina Kjörbúðarkonan kl. 13.00 Skákæfingar fyrir byrjendur kl. 13:00 Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00 Gleðin býr í Borgum.
Samélagshúsið Bólstaðarhlíð 43 Vítamín í Valsheimilinu, rútan fer 09:30. Morgunkaffi 10:00. Memmm fjölskyldustund kl 10:00. Myndlist með Margréti 12:30. Bingo 13:00. Opinn tími í Tæknilæsi. Yoga Nidra með Grétu 16:30. Opið kaffihús 14:30 – 15:30, verið velkominn
Samfélagshúsið Vitatorgi Morgunkaffi sundleikfimihóps kl. 9:00-10:00. Bókband í Smiðju kl. 9:00-12:30. Opin handverksstofa kl. 9:00-12:00. Vítamín í Valsheimilinu kl. 9:45-11:30. Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45-14:30. Prjónakaffi í handverksstofu kl. 13:00-16:00. Tæknilæsi - opinn dagur kl. 13:00-16:00. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00-18:00.
Seltjarnarnes Vatnsleikfimi kl. 07.10 og svo aftur kl. 18.30. Kaffikrókur á Skólabraut kl. 9.00. Jóga/leikfimi í salnum á Skólabraut kl.11.00. Karlakaffi í safnaðarheimili kirkjunnar kl.14.00.
Ath. í dagkl. 14.00. verður aðalfundur húsfélagsins Skólabraut 3-5 og eru eigendur hvattir til að mæta. Minnum á skráninguna á sumar fagnaðinn 1. júní og í sumarferðina 13. júní.
Skráning og uppl. hjá Kristínu.S.8939800.

BEINT ÚR HÉRAÐI

EST. 2021

ME&MU

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT · NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874 ·

Bjóðum sérvalið íslenskt kjöt beint frá býli – fullmeyrnað og tilbúið til eldunar

KÁLFAKJÖT LAMBAKJÖT NAUTAKJÖT FOLALDAKJÖT

Opið:

MÁN-FÖS 11-18
LAU 11-15

ME & MU
GARÐATORGI 1, GARÐABÆ

ALLA DAGA VIKUNNAR - 24/7
GRÓÐURHÚSIÐ,
AUSTURMÖRK 6, HVERAGERÐI

Verið velkomin

MEOGMU.IS